

# Fréttabréf Tónlistarskólans á Egilsstöðum



Ágúst 2012

## **Starfsemi**

Nú fer nýtt skólaár Tónlistarskólans í hönd og þónokkrar breytingar fyrir dyrum. Nokkrar breytingar eru á starfsfólki skólans og nánar gert grein fyrir því hér á eftir.

Tónlistarskólinn hefur nú flutt úr sínu gamla húsnæði að Selási 20 og inn í Grunnskólann. Talsverðan tíma hefur tekið að fara í gegnum eigin skólans, flokka þær og eftir þörfum henda, laga, setja í geymslu, eða taka í notkun á nýjum stað. Því verki er nú að mestu lokið og höfum við komið okkur fyrir í 4 góðum kennslustofum á efri hæð nýju byggingarinnar. Einnig höfum við aðgang að tónmenntakennslustofu grunnskólans og skrifstofa skólastjóra Tónlistarskólans er á neðri hæð rétt við aðalinnganginn. Við erum mjög sátt við þetta húsnæði og einnig hið nýja fyrirkomulag að vera nú í meiri tengslum við grunnskólann.

Þetta býður upp á meiri möguleika fyrir okkur að hefja kennslu á morgnana samhliða kennslu grunnskólans. Við hyggjumst prófa svk. rúllandi fyrirkomulag sem virkar þannig að nemendur eru teknir úr tímum sínum í grunnskólanum til að fara í tónlist, en tímasetningin er alltaf breytileg um hálf tíma þannig að hver nemandi mun ekki missa af sömu tímum í grunnskóla nema að mjög litlu leyti. Og auðvitað lenda sumir tímarnir ekki á skólatíma.

Við höfum einnig miklar væntingar til aukins samstarf við Grunnskólann, t.a.m. hefur verið rætt um áframhaldandi samstarf varðandi árshátíðir Grunnskólans og leiksýningar sem þar á að setja upp.

Skólinn hefur undanfarið verið með starfstöð á Hallormsstað og svo verður einnig í vetur og mun kennsla á Hallormsstað verða með svipuðu sniði og verið hefur.

Fyrsti kennsludagur er mánudagurinn 3. September og þá verða nemendur búnir að fá úthlutað tíma og stundaskrá.

## **Starfsfólk**

Í vor hættu nokkrir kennarar hjá okkur. Steingrímur Birgisson skólastjóri sem verið hefur í árs leyfi sagði upp störfum og hverfur til náms. Ólöf Blöndal lét af störfum sem píanókennari, Svandís Sveinsdóttir lét af störfum sem fiðlukennari í afleysingum og Áslaug Sigurgestsdóttir

sem blásarakennari. Þá láta nú af störfum skólastjórar sem stýrt hafa skólanum í leyfi Steingríms Birgissonar, þeir Jón Ingi Arngrímsson og Andri Bergmann Þórhallsson. Þá lætur Anna Valgerður Hjaltadóttir af störfum sem ritari skólans en hún hefur einnig sinnt margvíslegum öðrum tilfallandi störfum.

### **Öllu þessu góða fólki eru þökkun störf í þágu skólans í gegnum tíðina.**

Nýr skólastjóri var ráðinn í sumar. Hann heitir Daníel Arason. Daníel er fæddur og uppalinn í Neskaupstað og stundaði tónlistarnám sitt í Tónskóla Norðfjarðar en einnig einn vetur í Tónlistarskólanum á Egilsstöðum í píanónámi hjá Árna Ísleifssyni. Hann lauk tónmenntakennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1995 og MA- prófi í Mennta- og menningarstjórnun frá Háskólanum á Bifröst haustið 2008. Daníel hefur stundað tónlistarstörf á Austurlandi samfelld frá árinu 1995, m.a. verið skólastjóri, kennari og organisti ásamt því að taka þátt í ýmsum tónlistarviðburðum og uppákomum.

Charles Ross sneri til baka eftir árs námsleyfi í Skotlandi og verður hans dvöl þar kynnt nánar í næsta fréttabréfi. Einnig snýr Suncana Slamnig aftur til starfa fyrir skólann og mun hún kenna á ýmis hljóðfæri.

Hafþór Máni Valsson, Margrét Lára Þórarinsdóttir og Tryggvi Hermannsson halda öll áfram störfum í vetur og einnig mun Elke Schnaber taka að sér dálitla kennslu á Hallormsstað.

Eins og sjá má er skólinn vel mannaður og treystum við okkur til að taka við nemendum á flest hljóðfæri og söng. Hægt verður að kenna alls kyns tónlist allt eftir áhuga og getu nemenda.

### **Umsóknir um skólavist**

Innritun nemenda var í vor en þó er alltaf hægt að sækja um nám rafrænt. Hægt er að sækja um á heimasíðu skólans <http://www.fljotsdalsherad.is/tonegilsstodum/> og eru allir áhugasamir hvattir til að sækja um. Reynt verður að koma sem flestum að. Á heimasíðu sveitarfélagsins <http://fljotsdalsherad.is/> má finna gjaldskrá Tónlistarskólans.

### **Hafðu samband**

Ef einhverjar spurningar vakna, eða ef foreldrar og/eða nemendur vilja spyrja eða koma einhverju á framfæri þá endilega hafið samband í síma 8672921 eða sendið tölvupóst á [tonlistarskoli@egilsstadir.is](mailto:tonlistarskoli@egilsstadir.is)